



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar

Austurvegi 67
800 Selfoss

Selfossi, 3. mars 2026
2602080HS RS

Efni: Mörk og Grænamörk, ÍB17 - umsögn um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar

Þann 12. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi sveitarfélagsins Árborgar í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og gerð nýs deiliskipulags fyrir Mörk og Grænumörk, ÍB17, á Selfossi.

Fyrirhugað er að breyta skilmálum fyrir íbúðabyggðina ÍB17 á Selfossi með það að markmiði að þetta byggðina. Gerð verður breyting á skilmálum fyrir íbúðabyggðina ÍB17 í greinargerð aðalskipulags og unnið verður nýtt deiliskipulag sem kemur til með að ná yfir Austurveg 37 og Hörðuvelli 1 þar sem heimiluð verði meiri uppbygging ásamt því að gatna og stígakerfi verður bætt. Gert verður ráð fyrir útivistarsvæði/leikvelli á Austurvegi 37. Deiliskipulag fyrir Heiðmörk og Þórsmörk verður áfram í gildi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en bendir á að ekki er æskilegt að vera með leikvallasvæði fyrir börn við stórar umferðagötur eins og Austurvegurinn er. Slíkum svæðum skal finna stað þar sem hávaða- og loftmengun er í lágmarki.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi